

LÖG

um breyting á lögum um húsaleigusamninga, nr. 44

1. júní 1979, sbr. lög nr. 70 30. maí 1984.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Um heimild til að víkja húsaleigusamningi til hliðar í heild eða að hluta eða til að breyta honum, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, gilda ákvæði laga nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1986.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Alexander Stefánsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 18/1887, um veð,

sbr. lög nr. 87/1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. mgr. 4. gr. laganna (sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 87/1960) orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölumeðferðar, heimilt að setja banka eða öðrum lánastofnunum að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánnum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda á afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.